

Ef einhver veldur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það skv. mati óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. mars 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

7. mars 1978.

Nr. 138.

REGLUGERÐ

um almenningsbókasöfn.

1. gr.

Sveitarfélög reisa og reka almenningsbókasöfn (miðsöfn og hreppasöfn), ýmist ein sér eða í samstarfi sín á milli, eftir því sem nánar greinir í reglugerð þessari. Stofn- og rekstrarkostnaður stofnanasafna greiðist af hlutaðeigandi stofnunum.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með málefni almenningsbókasafna að svo miklu leyti sem ríkið hefur afskipti af þeim málum.

Ráðuneytið hefur yfirumsjón með almenningsbókasöfnum og sér um, að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög og reglur, er að þessum efnum lúta.

3. gr.

Almenningsbókasöfn skiptast í þrjá flokka:

1. Bæjar- og héraðsbókasöfn, og skal líta á þau sem miðsöfn.
2. Hreppasöfn.
3. Stofnanasöfn (bókasöfn í sjúkrahúsum, hælum, vistheimilum og fangahúsum).

Að jafnaði skal koma fram í nafni safnsins, um hvers konar safn sé að ræða, en sé vikið frá því, skal um það haft samráð við menntamálaráðuneytið.

4. gr.

Landið skiptist í eftirtalin bókasafnsumdæmi:

I. Umdæmi í kaupstöðum. Þar starfa bæjarbókasöfn.

1. Reykjavík (Borgarbókasafn).
2. Seltjarnarnes.
3. Bolungarvík.
4. Siglufjörður.
5. Ólafsfjörður.
6. Dalvík.
7. Seyðisfjörður (ásamt Seyðisfjarðarhreppi).
8. Neskaupstaður (ásamt Norðfjarðar- og Mjóafj. hreppum).

9. **Eskifjörður.**
 10. **Vestmannaeyjar.**
 11. **Grindavík.**
 12. **Njarðvík.**
 13. **Hafnarfjörður.**
 14. **Garðakaupstaður** (ásamt Bessastaðahreppi).
 15. **Kópavogur.**
- II. Umdæmi í kaupstöðum og héruðum í kring. Þar starfa bæjar- og héraðsbókasöfn.
16. **Keflavík og Gullbringusýsla.**
 17. **Akranes og hreppar í Borgarfjarðarsýslu sunnan Skarðsheiðar.**
 18. **Ísafjörður og Ísafjarðarsýslur.**
 19. **Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.**
 20. **Akureyri og Eyjafjarðarsýsla.**
 21. **Húsavík og Suður-Pingeyjarsýsla.**
- III. Umdæmi utan kaupstaða. Þar starfa héraðsbókasöfn.
22. **Kjósarsýsla.** Aðsetur aðalsafns Mosfellssveit.
 23. **Borgarfjarðarsýsla norðan Skarðsheiðar og Mýrasýsla.** Aðsetur aðalsafns Borgarnes.
 24. **Snæfellsnessýsla.** Aðsetur aðalsafns Stykkishólmur.
 25. **Dalasýsla.** Aðsetur aðalsafns Búðardalur.
 26. **Austur-Barðastrandarsýsla.** Aðsetur aðalsafns Reykhólar.
 27. **Vestur-Barðastrandarsýsla.** Aðsetur aðalsafns Patreksfjörður.
 28. **Strandasýsla.** Aðsetur aðalsafns Hólmavík.
 29. **Vestur-Húnavatnssýsla.** Aðsetur aðalsafns Hvammstangi.
 30. **Austur-Húnavatnssýsla.** Aðsetur aðalsafns Blönduós.
 31. **Norður-Pingeyjarsýsla.** Aðsetur aðalsafns Kópasker. (Leirhöfn).
 32. **Vopnafjörður og Skeggjastaðahreppur** í Norður-Múlasýslu. Aðsetur aðalsafns Vopnafjörður.
 33. **Fljótsdalshérað.** Aðsetur aðalsafns Egilsstaðir. Í umdæminu eru þessir hreppar: Í Norður-Múlasýslu: Hlíðar-, Jökuldals-, Fljótsdals-, Fella-, Tungu-, Hjaltastaðar og Borgarfjarðarhreppar. Í Suður-Múlasýslu: Skriðdals-, Valla-, Egilsstaða-, og Eiðahreppar.
 34. **Suður-Múlasýsla nyrðri.** Í þessu umdæmi eru Reyðarfjarðar-, Fáskrúðsfjarðar-, Búða- og Stöðvarfjarðarhreppar. Aðsetur aðalsafns Reyðarfjörður.
 35. **Suður-Múlasýsla syðri.** Í þessu umdæmi eru Breiðdals-, Berunes-, Búlands- og Geithellnahreppar. Aðsetur aðalsafns Djúpvogur.
 36. **Austur-Skaftafellssýsla.** Aðsetur aðalsafns Höfn.
 37. **Vestur-Skaftafellssýsla austan Mýrdalssands.** Aðsetur aðalsafns Kirkjubæjarklaustur.
 38. **Vestur-Skaftafellssýsla vestan Mýrdalssands.** Aðsetur aðalsafns Vík í Mýrdal.
 39. **Rangárvallasýsla.** Aðsetur aðalsafns Hvolsvöllur.
 40. **Árnessýsla.** Aðsetur aðalsafns Selfoss.

Um leið og sveitarfélag öðlast kaupstaðarréttindi verður það sjálfkrafa bókasafnsumdæmi með bæjarbókasafni. Hafi héraðsbókasafn verið starfandi í hinum nýja kaupstað verður það bæjar- og héraðsbókasafn en bókasafnsumdæmið verður hið sama.

Ráðuneytið getur breytt þeirri skipan, sem hér er lýst að fengnum tillögum aðila.

5. gr.

Í menntamálaráðuneyti starfar sérstakur fulltrúi, hér eftir nefndur bókafulltrúi, er annast málefni almenningsbókasafna.

Hann fjallar einnig um málefni skólabókasafna.

Í stöðu fulltrúans skal að öðru jöfnu ráða eða skipa bókasafnsfræðing, sem hefur reynslu í störfum og stjórnun í almenningsbókasafni.

Hlutverk bókafulltrúa er:

1. að vera ráðunautur opinberra aðila um allt það, sem lýtur að stofnun og rekstri almenningsbókasafna.
2. að eiga frumkvæði að sem viðtækustu samstarfi sveitarfélaga um skipun og rekstur miðsafna.
3. að koma á sem nánustu samstarfi almenningsbókasafna innbyrðis, safna og miðla upplýsingum til almenningsbókasafna og vinna að því að sameiginleg þjónusta nýtist við kaup á hvers konar bókum og gögnum til bókasafna, svo og við spjaldskrargerð, bókband, fyrirkomulag útlána, þjónustu við blinda, hljóðbókabjónustu o. s. frv.
4. að halda uppi skipulagsbundinni fræðslu fyrir starfslíð bókasafna, sveitarstjórnir, bókasafnsstjórnir, svo og allan almenning um starfsemi almenningsbókasafna. Kostnaður við þessa fræðslustarfsemi greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Heimilt er að gera samkomulag við sveitarfélög og stofnanir um kostnaðarþátttöku.
5. að koma á samvinnu við önnur bókasöfn í landinu um lán milli safna og annars konar gagnkvæma fyrirgreiðslu.
6. að láta í té álit um staðsetningu bókasafna, uppdrætti, mannhald, fjárþörf og annað slíkt, eftir því sem óskað er, svo og að eigin frumkvæði, ef hann telur nauðsynlegt.
7. að aðstoða við gerð samninga milli sveitarfélaga innbyrðis um rekstur almenningsbókasafna svo og við aðrar stofnanir, t. d. skóla, sjúkrahús, vistheimili o. s. frv.
8. að fylgjast með rekstri almenningsbókasafna og benda aðilum á það, sem áfátt kann að vera.
9. að gera árlega skýrslu um málefni almenningsbókasafna, húsakost, bókaeign (m. a. vegna Rithöfundasjóðs Íslands), útlán, bóka kaup og annað, er máli skiptir. Er bókasafnsstjórn (yfirkáverði) skyld að veita þær upplýsingar um safnið, sem skýrsluform bókafulltrúa segir til um innan tilskilins tíma.
10. að sjá til þess, að birt sé í Lögbirtingablaði fyrir 1. október árlega, hvert skuli vera lágmarksframlag til almenningsbókasafna á næsta ári, sbr. 8. gr. laga nr. 50/1976.
11. að aðstoða við undirbúning tillögugerðar um fjárveitingar í fjárlögum til að leysa þau viðfangsefni, sem ráðuneytinu eru falin samkvæmt þessari reglugerð.
12. að vinna að öðrum skyldum menningarmálum eftir því sem nánar kann að verða ákveðið.

Bókafulltrúi skal hafa náið samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga um málefni almenningsbókasafna svo og landshlutasamtök eftir því sem við á.

6. gr.

Ráðherra skipar sérstaka ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir fulltrúar, annar tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hinn tilnefndur af Bókavarðafélagi Íslands, og sé hann starfandi í almenningsbókasafni. Skipun miðast við fjögur ár.

Það hlutverk nefndarinnar að tryggja með skipulegum hætti sem nánast samstarf ríkis, sveitarfélaga, stofnana og bókavarda um málefni almenningsbókasafna.

Nefndin skal eiga reglulega fundi með bókafulltrúa og vera honum til ráðuneytis eftir föngum.

Nefndin setur sér sjálf starfsreglur, m. a. um tíðni funda, fundarstjórn og annað, er þurfa þykir.

7. gr.

Um sérstaka tilhögun vegna hreppssafna, stofnanasafna og lestrarfélaga skal þetta tekið fram:

Nú óskar hreppsnefnd þess, að starfandi hreppssafn starfi áfram, og getur þá menntamálaráðuneyti heimilað slíkt, nema sýnt sé, að ekki séu fyrir fámennis sakir tók á því að halda uppi fullnægjandi þjónustu.

Stofnanasöfn skulu kostuð og rekin af stofnun, sem í hlut á. Heimilt er þó stjórn stofnunar að semja við miðsafn (hreppssafn) um þjónustu að nokkru eða öllu leyti.

Þar, sem lestrarfélag er starfandi, getur sveitarstjórn(ir) samið við það um bókasafnsþjónustu á félagssvæðinu, enda hafi það tók á að halda uppi slíkri þjónustu, þannig að fullnægjandi sé.

Samningar skv. grein þessari eru háðir staðfestingu menntamálaráðuneytis, sem leitar umsagnar ráðgjafarnefndar um þá.

8. gr.

Menntamálaráðuneyti getur samið við sveitarstjórn (sveitarstjórnir, sem standa saman að stofnun og rekstri almenningsbókasafns) um samvinnu almenningsbókasafns og skólasafns, sbr. 72. gr. laga um grunnskóla nr. 63/1974. Getur sú samvinna verið fólgin í samnotkun húsnæðis, búnaðar, bókakosts og annars efnis, sameiginlegu starfsmannahaldi o. s. frv.

Gera skal sérstakan samning um þessa samvinnu, og skal þar þar gætt þeirra megin sjónarmiða um almenningsbókasöfn, sem reglugerð þessi felur í sér. Bókafulltrúi undirbýr samning í samráði við ráðgjafanefnd.

9. gr.

Hlutverk miðsafns er m. a.:

1. að veita almenningi möguleika á ævimenntun með því að hafa til afnota fræðirit og annað efni, sem fræðslugildi hefur og láta í té leiðbeiningar um slíkt.
2. að gefa almenningi kost á að verja tómstundum sér til menningarauka og afþreyingar með heimláni bóka og annarra gagna, við bókmenntakynningar, sýningar ýmiss konar, fyrirlestra, tónlistarflutning o. s. frv.
3. að halda uppi þjónustu við almenning með bókaþílum, eftir því sem þörf krefur og fé kann að vera veitt til.
4. að annast útvegum bóka og annarra gagna að láni frá öðrum söfnum og veita hreppssöfnum, skólasöfnum og stofnanasöfnum í umdæminu aðstoð og þjónustu og efla samvinnu þeirra.
5. að vera upplýsinga- og gagnamiðstöð, þar sem haldið sé sérstaklega til haga efni, sem varðar umdæmið, sem í hlut á, að því leyti sem slík varðveisla er ekki sérstaklega öðrum falin.
6. að veita fræðimönnum sérstaka lestraraðstöðu, þar sem betra er næði, sé þess kostur.

10. gr.

Eitt miðsafn á landinu annast hljóðbókaþjónustu skv. sérstökum samningi við menntamálaráðuneytið. Nú er talið, að þörf sé á því, að slík þjónusta sé veitt víðar og getur þá menntamálaráðuneytið heimilað slíkt að fenginni umsögn bókafulltrúa og ráðgjafanefndarinnar.

Hljóðbókaþjónusta fer fram í nánun samstarfi við Blindrafélagið, sem getur tilnefnt einn fulltrúa eða fleiri til að vera með í ráðum um framkvæmd þessarar þjónustu, t. d. val á bókum, hljómbandshylkjum, hverjir lesi á hljómbönd, fyrirgreiðslu við blint fólk á þessu sviði, þar sem sérstök ástæða þykir til o. s. frv.

Kostnaður við þessa þjónustu greiðist af söfnum þeim, sem hagnýta sér hana, að því leyti sem framlög annarra aðila ekki koma til.

Um skiptingu kostnaðar fer eftir samningi menntamálaráðuneytis og miðsafns þess, sem þjónustu veitir.

11. gr.

Hlutverk hreppsafna er hið sama og hlutverk miðsafna, eftir því sem við getur átt.

Í hverju sjúkrahúsi, hjúkrunarheimili, vistheimili og fangahúsi skal vera bókasafn, búið þeim hjálpartækjum, sem nauðsynleg eru til að vistmenn geti notfært sér þjónustuna. Sá aðili, sem rekur slíka stofnun, skal sjá um rekstur bókasafns.

Heimilt er stjórn stofnunar að semja við miðsafn eða hreppsnefnd um bókasafnsþjónustu, en háður er slíkur samningur staðfestingu ráðuneytisins.

Í árlegri fjárhagsáætlun stofnunar skal á sérstökum rekstrarlið tilgreint, hve mikið fé er áætlað til rekstrar bókasafns.

Við hönnun byggingar fyrir stofnun skal gera ráð fyrir sérstöku rými fyrir bókasafn, svo og fullnægjandi lestraraðstöðu, eftir því hvers konar stofnun um er að ræða.

Útlánsstofa skal opin vissar stundir vikulega, og skal það auglýst greinilega í stofnuninni.

Þar sem rúmliggjandi fólk dvelst, skal hafa bókavagna til að veita því þjónustu.

12. gr.

Hlutverk stofnanasafna er að sjá vistmönnum og starfsliði stofnunar fyrir fræðslu- og afþreyingarefni eftir því sem við verður komið.

13. gr.

Stjórn almenningabókasafns er þannig skipuð, að í henni eiga sæti 3, 5 eða fleiri fulltrúar, þó þannig að tala standi jafnan á stöku.

Þar sem umdæmi bókasafns er eitt sveitarfélag, ákveður sveitarstjórn tölu stjórnarmanna og kys þá.

Þar sem umdæmi tekur til fleiri sveitarfélaga en eins, skal meirihluti stjórnar kosinn af sveitarstjórn, þar sem miðsafn er. Þeir sem kjörnir verða, boða til fundar þeirra sveitarstjórna, sem aðild eiga að safni, einn fyrir hverja sveitarstjórn, og kjósa þeir úr sínum hópi fulltrúa, sem vantar í stjórn.

Kjörtímabil bókasafnsstjórnar er hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar.

14. gr.

Stjórn bókasafns kys formann og varaformann úr sínum hópi.

Heimilt er stjórn bókasafns, þar sem heppilegt þykir vegna fjarlægða, að kjósa þriggja manna framkvæmdanefnd úr sínum hópi, til þess að sinna málefnum safnsins milli funda í bókasafnsstjórn.

Bókasafnsstjórn heldur fundi eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Yfirbókavörður undirbýr fundi samkvæmt þessari grein. Hann á sæti á fundum með málfrelsi og tillögurétti.

15. gr.

Hlutverk bókasafnsstjórnar er sem hér segir:

1. Hún sér um, að safnið hafi viðunandi húsnæði. Hún fjallar um staðsetningu og uppdrætti nýbygginga, kaup á húsnæði eða leigu, svo og meiriháttar breytingar á húsnæði, ef því er að skipta.
2. Hún fylgist með því, að búnaður og rekstur safns sé í góðu lagi.
3. Hún gerir tillögur til sveitarstjórnar um ráðningu yfirbókavardar.
4. Hún fjallar um tillögu að fjárhagsáætlun safnsins fyrir árið, sem í hönd fer.
5. Hún gerir tillögur til sveitarstjórnar um starfsmannafjölda í bókasafni.
6. Hún getur sett reglur um notkun safnsins og annað slíkt í samráði við yfirbókavörð.

16. gr.

Sýslunefndir skulu fylgjast með rekstri almenningsbókasafna, sem eru kostuð af hreppum innan sýslu. Þær skulu vekja athygli bókafulltrúa og bókasafnsstjórnar (sveitarstjórnar) á því, sem þær telja betur mega fara.

Sýslusjóður stendur skil á greiðslu hreppsfélaga til almenningsbókasafns, sbr. 8. gr. laga nr. 50/1976.

17. gr.

Almenningsbókasafni (miðsafni, hreppssafni) skal valinn staður miðsvæðis, þar sem eru eða ætla má, að verði miklar mannaferðir, t. d. í námunda við verslunar- og þjónustumiðstöðvar.

Við skipulagningu byggðar skal sérstaklega kannað, hvernig bókasafnsþjónustu verði best skipað.

Við hönnun bókasafnshúsa, svo og kaup eða leigu húsnæðis handa bókasafni, skal þess gætt, að safn verði öllum aðgengilegt jafnt heilbrigðum sem fötluðum, ungum sem öldruðum, þægileg aðkoma verði fyrir þá, sem koma fótgangandi svo og þá, sem í bifreiðum koma, hvort sem eru almenningsbifreiðar eða einkabifreiðar.

18. gr.

Við hönnun bókasafns (miðsafns) eða endurskipulagningu skal hafa eftirfarandi sjónarmið í huga:

1. að sá hluti safnsins, sem almenningi er ætlaður, sé á 1. hæð. Þægileg lyfta sé í húsinu eða sambærileg aðstaða eftir aðstæðum.
2. að komist verði hjá burðarveggjum í útláns- og lestrarsölum, þannig að hvers konar skipulagsbreytingar verði auðveldar án mikils kostnaðar.
3. að auk útlánssalar, lestraraðstöðu fyrir börn og fullorðna og bókageymslu skuli gert ráð fyrir námsaðstöðu og þjónustu skv. 9. gr. svo sem kostur er. Þá skal gert ráð fyrir húsrými til viðgerða, fyrirlestra og sýninga auk aðstöðu fyrir starfsfólk.
4. að þegar almenningsbókasafn er rekið í húsnæði með skólasafni sé þess gætt, að húsnæðið sé meira en stærðarreglur (norm) vegna skólasafna setja. Við hönnun húsnæðis fyrir slík söfn, skal þess gætt, að auk inngangs úr skólanum sé jafnframt séringgangur fyrir almenning. Bókafulltrúi lætur í té leiðbeiningar um lágmarksrými fyrir starfsemi bókasafns.

19. gr.

Bókafulltrúi skal stuðla að því, að almenningsbókasöfn (lestrarfélög), skólasöfn og stofnanasöfn innan bókasafnsumdæmis hafi sem nánasta samvinnu sín á milli undir forystu miðsafnsins.

Þar sem hreppsnefnd óskar að reka áfram starfandi bókasafn sjálfstætt, skal slíkt heimilt, hafi safnið aðstöðu til að veita fullnægjandi þjónustu. Að öðru leyti

skal bókafulltrúi vinna að því, að slík bókasöfn verði útibú frá miðsafni svo og að útibú verði stofnuð, þar sem slíkt er nauðsynlegt.

Í samráði við ráðgjafanefnd sér bókafulltrúi um, að samningar verði gerðir um yfirtöku húsnæðis og bókakosts, svo og greiðslu kostnaðar, sem af stofnun útíbús og rekstri leiðir.

Þá skal bókafulltrúi og vinna að því, að miðsöfn og hreppasöfn veiti öldruðum og fötluðum þá þjónustu að senda bækur heim, eftir því sem aðstæður leyfa.

20. gr.

Sveitarfélag, sem á aðild að miðsafni, greiðir til þess framlag, skv. 8. gr. laga nr. 50/1976, og stendur sýslusjóður skil á þeirri greiðslu.

Ef sérstakur samningur er gerður við miðsöfn um þjónustu umfram það, sem miðbókasafn er skylt að veita, skv. áðurnefndum lögum, fer um greiðslur samkvæmt samningi eða úrskurði bókafulltrúa, ef samningur hefur ekki verið gerður.

21. gr.

Á almenningsbókasafni skal þess gætt, að öll kynning á bókum og öðrum gögnum sé veitt greiðlega og á hlutlægan hátt.

22. gr.

Að miðbókasafn skal ráða bókaörð (yfirbókaörð) í fullt starf, enda sé íbúatala umdæmis 3000 hið fæsta.

Sveitarstjórn, þar sem miðbókasafn er, ræður yfirbókaörð að fengnum tillögum bókasafnsstjórnar, bókafulltrúa og ráðgjafanefndar. Skal bókasafnsfræðingur að öðru jöfnu ganga fyrir.

Ef íbúafjöldi umdæmis miðsafns eða hreppssafns er lægri en í 1. mgr. segir, en yfir 1000, skal miða við, að bókaörður sé í a. m. k. hálfu starfi.

Sé íbúafjöldi lægri en 1000, gerir ráðgjafanefnd ásamt bókafulltrúa tillögu um, hvernig fara skuli um daglega stjórn bókasafns.

23. gr.

Bókaörður (yfirbókaörður) fer með daglega stjórn bókasafns.

Hlutverk hans er sem hér segir:

1. að fara með fjárreiður bókasafnsins, gera tillögu að fjárhagsáætlun, sjá um innheimtu tekna og uppgjör að því leyti sem þessi störf eru ekki öðrum sérstaklega falin.
2. að sjá um, að í safninu sé flokkuð skrá (höfunda- og titlaskrá), svo og að haldin sé aðfangaskrá, þannig að almenningur eigi greiðan aðgang að upplýsingum um bækur og önnur gögn safnsins.
3. að annast skýrslugerð skv. reglum, sem ráðuneytið setur, og standa því og sveitarstjórn(um), sem hlut á að máli, skil á þeim á tilskildum tíma.
4. að eiga frumkvæði að kynningu á starfsemi safnsins fyrir almenning, gangast fyrir sýningum, bókakynningum og hvers konar starfsemi í þá átt, að safnið verði virk menningarstofnun.
5. að hafa sem nánast samstarf við bókasafnsstjórn, sveitarstjórn(ir) og menntamálaráðuneyti (bókafulltrúa). Hlutverk bókaövarðar (yfirbókaövarðar) í miðsafni er jafnframt að vinna að samræmingu bókasafnsþjónustu og samvinnu bókasafna í umdæminu og að eiga frumkvæði í bókasafnsmálum umdæmisins. Hann skal efna til funda með bókaörðum í umdæminu a. m. k. einu sinni á ári.

Ef honum virðist áfátt bókasafnsþjónustu innan umdæmisins, er ekki lýtur stjórn miðsafnsins, skal hann vekja athygli hlutaðeigandi bókasafnsstjórnar

(stjórnar stofnunar) á því. Ef það hrifur ekki, skal hann gera bókafulltrúa aðvart um það.

24. gr.

Bókasafnsstjórn gerir tillögur til sveitastjórnar um starfsmannafjölda í bókasafni, en starfsmenn taka laun hjá sveitarsjóði, þar sem miðsafn er.

25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um almenningubókasöfn nr. 50, 25. maí 1976, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 7. mars 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

R E G L U G E R Ð

um jarðvara.

1. gr.

Skylda.

- 1.1. Allar flugvélar, sem knúðar eru hverfihreyflum og hafa hámarksflugþunga yfir 5700 kg, skulu búnar jarðvara (Ground Proximity Warning System), sem viðurkendur er af flugmálastjórn.

Ath.: Viðurkenning flugmálastjórnar á jarðvara (Mode 1—5) verður því einungis veitt að búnaðurinn fullnægi kröfum US Federal Aviation Registrations (FAR).

2. gr.

Tilgangur.

- 1.2. Jarðvarinn skal vera þannig gerður og honum þannig fyrir komið, að hann vari við hættulegri flugstefnu miðað við jörð í flughæð lægri en 2500 fet yfir jörðu.

3. gr.

Hættumerki.

- 1.3. Jarðvarinn skal gefa bæði sjáanleg og heyranleg hættumerki í flugstjórnarklefa. Hættumerkin skulu:
- a. hefjast samtímis og vera auðgreind frá öðrum hættumerkjum í flugstjórnarklefa,
 - b. vera stöðugt á uns hættuástandið er liðið hjá og
 - c. hefjast sjálfkrafa án aðgerða frá hendi áhafnarinnar.

4. gr.

Viðhald.

- 1.4. Jarðvaranum skal ætíð haldið í lagi. Ef hann bilar má þó ljúka við hafið flug eða flugröð. Flug má þó ekki hefja með bilaðan jarðvara frá flugvelli, þar sem hægt er að gera við hann eða flugmálastjórn hefur mælt svo fyrir um að hægt sé að gera við hann.